



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leik- og Sólgarður

2022 – 2023



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat xxx deildar.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
4 Innra mat sérkennslu.....	13
5 Innra mat – fjöltyngd börn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
8 Foreldrasamvinna.....	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
10 Fylgigögn.....	16
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	16



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Byrjun ársins fór að mestu leyti í sóttvarnir, sóttkví og veikindi. Lokanir og almennar reddingar vegna veirunnar skæðu. Fámennt var fyrstu vikur ársins hvort sem um ræddi börn eða starfsfólk. Þó hugur okkar væri hjá þeim smituðu ríkti töluverð gleði og ánægja inn á leikskólanum þar sem allt starf einkenndist af rólegum stundum, nægjanlegu plássi, góðum tíma til undirbúnings og tíma fyrir börnin í leik og starfi.

Þegar starfsemin færðist svo í eðlilegt horf nýttum við okkur útiveru mjög mikið, vettvangsferðir og heimsóknir á aðra leikvelli til að minnka þann hóp sem eftir varð á skólanum. Með þessu gátum við viðhaldið þeirri ró og afslöppun sem hafði myndast í Covid.

Haustið 2021 einkenndis nokkuð af (eftirköstum) Covid. Aðlögun var erfið, mikið grátið og bæði foreldrar og börn áttu erfitt með aðstæður. Við skrifum þetta að miklu leiti á sóttvarnaraðgerðir. Flest börnin höfðu verið mikið heima með sinni nánustu fjölskyldu, ekki verið mikið í þóssun eða að heimsækja annað fólk og því ekki vön þessum aðstæðum. Aðlögun tók því töluvert lengri tíma en á venjulegu hausti. Nokkuð bar á að börn fengu boð í hverfisleikskóla með skömmum fyrirvara og reynt var að verða við því í flestum tilfellum en að sama skapi drógst aðlögun á langinn og síðasta barn var að detta í hús í byrjun janúar 2022.

Lítið var um hreyfingar á starfsfólki og við því vel í stakk búin til að takast á við haustið. Við nýttum okkar fysta starfsdag á önninni fyrsta dag eftir sumarfrí og var almenn ánægja með það í starfsmannahópnum. Skólinn opnaði svo á miðvikudegi eftir verslunarmannahelgi, allir klárir, skólahúsnæðið og starfsmenn tilbúin til að taka á móti nemendum auk þess sem línurnar voru lagðar fyrir starfsemi annarinnar.

Starfsdagar fóru að mestu leyti í upprifjun á HighScope. Starfsfólki var skipt upp í hópa eftir kunnáttu og ákveðið var að taka inn Skilaboðaskjölduna (Message board) eftir gott námskeið með deildarstjórum þar að lútandi. Þetta hefur bætt starfið okkar heilmikið og mikill áhugi meðal eldri barnanna að taka þátt.

Einnig voru teknar brunaæfingar ásamt því að allt starfsfólk fór á skyndihjálparnámskeið.

Í janúar fengum við að finna fyrir Covid og má segja að það hafi verið í fyrsta sinn sem óværan náði að stinga sér niður hjá okkur að einhverju marki. Mikið var um veikindi á starfsfólki og börnum, tímabundnar lokanir á deildum auk þess sem reynt var að herða á sóttvarnarhólfum eins og hægt er. Þetta varði fram í mars, mismikið þó, en þá voru allir (nema leikskólastjóri) búnir að fá Covid.

Allar uppákomur inn á skólanum voru án foreldra, aðventukaffi, sumarhátíð o.þ.h.

Foreldraviðtölin voru í mars og apríl vegna veikinda.

Sólgarður kom vel út í starfsmannakönnun FS (HR monitor) en nokkrar áskoranir birtust í niðurstöðunum fyrir Leikgarð. Var strax hafist handa við að greina ástæður og setja vinnu í gang við að mæta þessum áskorunum.

Það sem við tókum einna helst með okkur eftir þetta starfsár er mikilvægi þess að halda vörð um fjölda barna og stærð húsnæðis. Covid sýndi okkur að öll starfsemi í raun einfaldast þegar barnahópurinn minnkar og daglegt amstur verður ljúfara og mýkra. Starfsfólk upplifði að það gat sinnt hverjum og einum betur, allt áreiti minnkaði til muna og verkefni breyttust.

Einnig fundum við sterkt fyrir þeirri nauðsyn að styðja hvort annað (á fordómalausum tímum) þar sem við vorum með þeim síðustu að lenda í lokunum vegna veikinda starfsfólks og ekki síður barna. Starfsmannahópurinn talaði meira um umhyggju og stuðning og samstaðan sem myndaðist við að láta þetta allt ganga upp var einstök.

Komandi vetur verður spennandi þar sem ákveðið hefur verið að byggja við Leikgarð ásamt því að taka eldri álmuna í gegn. Í kjölfarið mun Sólgarði verða lokað í sinnu núverandi mynd og báðir skólarnir munu sameinast undir nafni Sólgarðs, undir sama þaki. Það hafa því verið ófá handtökin eftir opnun (eftir sumarleyfi) auk þess sem hlutastarfsfólki var sagt upp en aðrir starfsmenn Leikgarðs fengu vinnu á öðrum starfsstöðvum innan FS.

Leikgarði var lokað um miðjan september og eru framkvæmdir hafnar.

Það er því á þessum nótum sem við leggjum af stað inn í næsta starfsár, hraust, glöð, með nýjar hugmyndir í farteskinu.

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Leikskólarnir Leik- og Sólgarður hafa starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2010, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Mánagarðs er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk beggja skólanna til að starfa eftir stefnunni.

Workplace síðan hefur reynst ágætur vettvangur í þessu covid- ástandi þar sem Íris og leikskólastjórar hafa sett inn fræðsluefni tengt HighScope.

Íris gerði innra mat (PQA – Preschool Quality Assessment – matskvarði frá HighScope) á námsumhverfi á öllum deildum í vetur. Það er gert með skráningu, athugunum og samtölum. Það komu fram ýmsir styrkleikar en einnig tækifæri til umbóta, margt af því er auðvelt að bæta.

Við erum alltaf að leggja áherslu á orðræðuna því við tökum eftir því að það reynist nýju fólki áskorun en því orðræðan í HighScope er ólík því sem fólk á að venjast og það tekur nýtt starfsfólk tíma og þjálfun til að tileinka sér hana. Það er áhugvert að fylgjast með þeirri þróun þar sem fólk talar um að það tileinki sér þessa orðræðu almennt í lífinu, þetta er ekki bara 8:00-16:00 orðræða og starfsfólk talar um að HighScope stefnan sé mannþætandi og geri samskipti þeirra við aðra innihaldsríkari þar sem virðing, virk hlustun, viðurkenning á líðan, skoðunum og tilfinningum annarra eru höfð að leiðarljósi í samskiptum.

Einnig höfum við verið að vinna að því að gera námsumhverfið fjölbreyttara með áhuga barnanna að leiðarljósi.

Á vormánuðum tókum við einnig inn Skilaboðaskjóðuna (Message board) og erum að vinna með einföld skilaboð (1 – 2) fyrir eldri börnin. Þetta hefur gengið mjög vel og gaman að fylgjast með hvað þessi stund verður fljótt fastur liður hjá börnunum enda finnst öllum gott að vita ef einhver er veikur eða hvað er í matinn!

Innra mat

Við notum Preschool Quality Assessment – PQA lista frá HighScope til að meta okkar innra starf. Það er listi með kvörðunum 1-3-5 og hann tekur á námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Íris, HighScope kennari og þjálfari sér um að gera þetta mat. Hún fer á deildir, metur út frá listanum og með athugunum og viðtölum við starfsfólk deilda eftir þörfum. Skorið er svo lagt saman og fengið heildarskor deilda.

Ákveðið var að taka bara námsumhverfið fyrir í ár, sá kaflar tekur á t.d. plássi fyrir leik, öryggi og aðbúnaði, loftræstingu og lýsingu, flóttááætlunum, svæðum, efnivið, merkingum, húsbúnaði, útisvæði, flokkun efniviðs, fjölmenningu/menningu, sýnileika á verkum barnanna í umhverfinu og að umhverfið endurspegli áhuga barnanna.

Íris fór á hverja deild, fór yfir öll svæði, allar merkingar, allan efnivið (flokka efnivið eftir efni; plast, tré, málmur, gúmmí, osfrv....), lýsingar, loftræstingu og allt ofantalið.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Efniviður á svæðum er merktur og aðgengilegur	Með PQA lista og athugunum	Leikskólastjóri og starfsfólk deildanna fóru yfir merkingar með Írisi	Margar merkingar voru úreltar, rifnar og áttu ekki við lengur. Starfdagur fór í að endurgera, safna frumritum og geyma svo auðvelt og fljótlegt sé að laga ef það rifnar. Það eiga að vera 6 tegundir merkinga á svæðum, því var víða ábótavant – erfitt að nálgast myndir úr bæklingum þar sem flest allt er komið á netið.

<p>Efniviður endurspeglar fjölbreytileika og menningu barna/kennara á deildinni</p>	<p>PQA og athuganir</p>	<p>Allt starfsfólk</p>	<p>Hér skorum við alltaf lágt, deildarnar endurspeglar eiginlega enga menningu þannig séð.</p> <p>Keypt hefur verið meðvitað inn í bókakost með fjölmenningu í huga en lítið er til af harðspjaldabókum og því þarf starfsmaður oftast að stjórna þeim stundum sem þær bækur eru notaðar.</p> <p>Allar deildar eiga fjölmenningsdúkkur en nýta illa.</p>
<p>Verk barnanna sýnileg</p>	<p>PQA og athuganir</p>	<p>Allt starfsfólk</p>	<p>Við vinnum mikið með efni sem skilur ekki eftir sig sýnileg verk. Að koma við og finna mismunandi áferð, hella á milli, stafla, hrinda og þræða Seríós hringi á pasta, svo eitthvað sé nefnt. Þau verk sem eru sýnileg mættu vera sýnilegri en við sendum þau oftast heim. Við erum meðvituð um að verk barnanna mættu prýða skólann í meira mæli.</p>
<p>Leikpláss</p>	<p>PQA, athuganir</p>	<p>Allt starfsfólk</p>	<p>Leikpláss er mjög gott á Leikgarði og góð uppröðun á húsgögnum. Sólgarður</p>



			<p>líður fyrir það að vera samsettur úr 4 stúdentaíbúðum og því erfitt að skapa gott pláss innan deilda. Þurft hefur að færa borð fram á gang og skapar það meira pláss inn á deildum og meiri ró yfir matmálistímum. Pláss er samt af skornum skammti.</p>
Útisvæði	PQA, kannanir	Allt starfsfólk	<p>Á báðum skólum eru góð útisvæði þó mismunandi séu. Almenn ánægja er meðal starfsmanna með svæðin en allir þó sammála um að nauðsynlegt sé að skipta upp hópnum, sérstaklega á Sólgarði, í vettvangsferðir, göngutúra og á nærliggjandi leikvelli. Einnig er það skemmtileg tilbreytni fyrir börnin.</p>



Ytra mat

HR Monitor gerði könnun snemma árs 2022. Starfsfólk fékk spurningalista í tölvupósti.

Mikil starfsánægja er meðal starfsfólks á Sólgarði en mælist töluvert minni á Leikgarði. Það var líka gleðiefni að þjálfun og þróun stóð í stað svo það virkaði að halda úti HighScope síðu á Workplace og setja þar inn efni sem fólk gat nálgast þegar Íris gat ekki farið á milli deilda / skóla til að þjálfa og kenna.

Lægsta skorið á báðum skólum er þátturinn Skýr framtíðarsýn þar sem spurt er um endurmat frá næsta yfirmanni. Okkar verkefni í fyrra var að efla deildarstjórana og gera þá ábyrgari fyrir sínum deildum, það virðist vera það sem við þurfum að bæta einna helst.

Við munum skoða námskeið fyrir deildarstjóra, handleiðslu og aukna HighScope þjálfun með áherslu á stuðning, samvinnu og endurgjöf.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Efla deildarstjóra	Að gera deildarstjóra örugga í sínu starfi samhliða aukinni kröfu á ábyrgð fyrir eigin deil, bæði starfsfólki og börnum	Aukin fræðsla, önnur nýting á undirbúningstímu m. Heimsóknir á aðra skóla. Námskeið í sjálfstyrkingu og sjálfstæðum vinnubrögðum. Auka við tölvukunnáttu þar sem þörf er á. Markvissa innlögn á deildarstjórafundum	Leikskólastjóri ber ábyrgð	Ág '22	Des '23	Matsblað, spurningalisti viðtöl	Sjálfstæðir og öryggir deildarstjóra.
Uppeldis- og menntastarf							
HighScope innlögn	Að allt starfsfólk leikskóla stúdenta hafi aðgang að fræðsluefni er snýr að HighScope	Gerð verða stutt fræðslumyndbönd. Passað að allt fræðsluefni skólans sé við hendina og auðvelt sé að nálgast það.	Leikskólastjóri og deildarstjorar þurfa að sjá til þess að tími sé til að horfa / lesa.	sep '22	Des '22	Setja á Workplace til að starfsfólk geti horft í undirbúningstíma. Eða gera lokað svæði fyrir þessi myndbönd	PQA listinn, athuganir og viðtöl Að öll hafi aðgang að þessu efni þegar þeim hentar – t.d. ef fólk missir af starfsdegi þá geti það nálgast



							Þessa fræðslu
Mannauður/ Leikskólabragur							
Reglur og umgengni	Að skapa notalega stund hjá starfsfólki í matar- og kaffitímum og stuðla að samskiptu m þeirra á milli, milli deilda.	Starfsdagur þar sem farið er yfir hvernig við viljum hafa kaffistofuna – af hverju sum velja að nota hana aldrei og hvað væri hægt að bæta þar – hvað má og hvað má ekki þar . Í Covid, fundu margir sér sína staði í húsinu og koma ekki á kaffistofuna	Allt starfsfólk	Sept'22	Des'22	Umræður á starfsdögum – í sept og des Skrá það sem kemur fram í sept og vinna út frá því Endurmeta í des	
Innra mat allra deilda							
Tími eftir hvíld	Hafa fleiri möguleika, taka tillit til hvers og eins	Auka efnivið og svæði	Allt starfsfólk	Mai'22	Des'22	Skrá svæði og efnivið	Að börnin geti vaknað hvert á sinn hátt og svæði, faðmur tekið vel á móti



Skilaboðaskjóða	Auka fjölbreytni	Taka hana niður af veggnum þegar við förum yfir hana, tengja betur við börnin	Allt starfsfólk	Maí '22	Maí '23	Gott að öll kynni sér lesefni og myndbönd tengt Skilaboðaskjóðunni	
Hópastarf	Auka fjölbreytni	Skipuleggja okkur fyrirfram, nýta skráningar og lykilreynsluþætti	Allt starfsfólk	Maí '22	Maí '23	Dagleg skráning á hópastarfi-efnivið	Fara yfir og bera saman skráningar hópstjóra til að sjá fjölbreytni á efnivið og fá hugmyndir

Frá síðasta ári:

Við tókum upp Skilaboðaskjóðuna og starfsfólk lærði að gera hana og nota. Það gekk vel að gera hana þannig að hún hæfi börnunum og eftir því sem þau eldast þurfum við að auka fjölbreytnina.

Við bættum okkur líka í hópastarfi, förum að undirbúa okkur betur fyrir það. Okkur gekk vel að finna verkefni við hæfi barnanna og núna þurfum við að auka fjölbreytni og skráningu.



2 Innra mat sérkennslu / Á ekki við

Mat á sérkennslu 2021-2022

<p>Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Á þessu ári var það nýtt í bóka- og leikfangakaup til að styðja við fjölmenningu.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Þessi vinna fer eingöngu fram inni á deildum með samtölum, lestri, söng, leikjum og maður á mann samskiptum. Skipulögð málörvun í hópastarfi ef þess er þörf
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í skilaboðaskjóðu, í leikstundum, samverustundum, matmálstímum, í fataklefa. Allur dagurinn gefur tækifæri!
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Engin matstæki notuð og ekki gerðar einstaklingsáætlanir. Börnin eru rétt að byrja máltöku þegar þau eru hér hjá okkur en í kringum foreldraviðtöl er þetta skoðað með foreldrum ef þörf þykir á.



Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hópastarf og samverustundir inni á deildum huga að öllum þessum þáttum. Skilaboðaskjóða á öllum deildum sem ýtir undir málörvun, málskilning og tjáningu, hljóðkerfisvitund. Mikið talað um tilfinningar hér og þær allar viðurkenndar og nefndar. Unnið að miklu leyti út frá styrkleikum, áhuga og löngun barnanna í öllu okkar starfi. T.d. val, leikstund, hópastarf, samverustundir – byggja allt á áhuga barnanna í hópnum Skilaboðaskjóða – er gerð þannig að öll börn skilja hana og geta „lesið“
--	---

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Auka utanumhal d um málörvun og stöðu fjöltyngra barna.	Gera einstaklings -námskrá fyrir öll tvítyngr börn og fylgjast með framförum og meta reglulega	Deildarstjó r	Nóv'2 2	Maí'2 3	Einstaklings- námskrar yfirfarnar og uppfærðar eftir þörfum	Skrá allt sem á að gera – hefur það verið gert Bættur árangur tvítyngr a barna



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í október og nóvember. Rauði þráðurinn í óskum starfsfólks var meiri HighScope fræðsla og óskir um námskeið. Annars var almenn ánægja með starfsvettvang og aðstöðu.

HighScope námskeið á tveimur starfsdögum, skyndihjálparnámskeið og brunaæfing,

Tveir deildarstjórar fóru á fyrirlestur um fjölmenningu.

Leikskólastjórar hlustuðu á ýmiskonar fyrirlestra á netinu, sem er eitt af því sem er vonandi komið til að vera eftir covid, í bland við að hittast í raunheimum.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnuna Nordisk forskola í Hveragerði.

Allir deildarstjórar ásamt aðstoðarleikskólastjóra fóru á árlega 3ja daga HighScope ráðstefnu á netinu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við eigum í miklu samstarfi við Mánagarð og hittast stjórnendur skólans einu sinni í mánuði til að fara yfir strauma og stefnur, starfsmannamál og annað það sem upp kemur á stóru heimili.

Annað á ekki við vegna aldurs barnanna.

8 Foreldrasamvinna

Það hefur farið lítið fyrir foreldrasamvinnu vegna takmarkana, t.d. gátum við ekki boðið foreldrum á sumarhátíð í fyrra eða í aðventukaffi eins og við gerum í venjulegu árferði. Foreldraviðtölin voru seinna á ferðinni en vanalega en náðust þó. Þessi daglegu samskipti í fataklefa og við lokun eru orðin eins og þau voru fyrir covid þar sem foreldrar geta nú stoppað lengur en 2 mínútur í fataklefanum svo það er allt til bóta og þeir dvelja nú lengur í garðinum þegar þeir sækja börn í útiveru í lok dags.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar fóru deildarvinnu, tiltekt og að setja aftur inn allskonar efnivið sem við tókum út í covid.

Þá fóru tveir starfsdagar í HighScope og einn í skyndihjálpi og brunaæfingar.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. Leikskólanna Leik- og Sólgarðs

Sigríður Stephensen
Leikskólastjóri Leik- og Sólgarðs

Reykjavík, 10. september 2022

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023
Leik- og Sólgarður

Umsögn foreldraráðs



Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólanna Leik- og Sólgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um. Foreldraráðið samþykkir starfsáætlunina þar sem meðal annars kemur fram greinargerð um síðasta starfsár, samantekt á innra og ytra mati á leikskólunum, samantekt á fræðslu og námskeiðum sem starfsfólk hefur sótt, foreldrasamvinnu og skipulag leikskóladagatala. Ljóst er að síðasta starfsár skólanna var þyngra í vöfum en fyrri ár. Þrátt fyrir þessar áskoranir tókst stjórnendum og öðru starfsfólki skólans að halda uppi góðu, faglegu skólastarfi og hlýlegu viðmóti til barna og foreldra. Stjórnendur einblíndu á starfsmannahópinn, studdu hann og efldu í gegnum þessar miklu áskoranir og ber það vitni um góðan starfsanda og vilja til þess að halda uppi því góða orðspori sem Leik- og Sólgarður hafa áunnið sér.

Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á skólaárinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Leik- og Sólgarðs,

Kókó Diego

Þorsteinn Stephensen

